

## 19. gr.

Lán þau, sem félagsstjórn tekur fyrir hönd félagsins, ábyrgjast félagsmenn (með þeim takmörkunum sem segir í 4. gr.), sem sjálfskuldarábyrgðarmenn einn fyrir alla og allir fyrir einn, án þess að lántakan hafi verið undir þá borin, og án þess, að þeir gefi út sérstakt ábyrgðarskjal þar að lútandi. Ef málsókn ris út af láninu, er hverjum félagsmanni skylt að koma fyrir dóm og svara til sakar á þeim stað, er lántaki hefur undirgengið.

157

22. nóv.

## 20. gr.

Endurskoðun reikninga hafa á hendi 2 menn, er aðalfundur kys. Skulu þeir vera félagsmenn. Kosning þeirra gildir í 2 ár og ganga þeir úr sitt árið hvor. Á sama hátt skal kjósa 2 varaendurskoðendur.

Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum félagsins beri saman við bækur þess, enda eigi þeir, hvenær sem er, aðgang að öllum bókum þess og skjólum, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Enn fremur er skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álita, að félaginu geti stafað hættu af, skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði ráðin svo fljótt sem þörf krefur. Takist það eigi, skulu þeir kveðja til aðalfundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar. Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur er haldinn, og skulu reikningarnir þá lagðir fram til úrskurðar.

## 21. gr.

Laun stjórnar og endurskoðanda, ef einhver eru, skulu ákveðin af aðalfundi.

## V. KAFLI

## Félagssjóðir.

## 22. gr.

Um stofnsjóð félagsins og útborgun á stofnsjóðseign hvers félagsmanns fer eftir 25. gr. laga um samvinnufélög nr. 46 frá 1937.

## 23. gr.

Varasjóði félagsins, sem er myndaður af inntökugjaldi félagsmanna og árgjaldi íbúðareiganda, er ætlað að vera til styrktar, ef eitthvert óvænt tap berst að félaginu. Fé má þó ekki greiða úr sjóðnum nema eftir tillögu félagsfundar í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar, enda séu tillögunni fylgjandi  $\frac{2}{3}$  þeirra félagsmanna, sem á fundinum eru. Varasjóður félagsins skal geymdur í Landsbanka Íslands.

## 24. gr.

Úr félagssjóði skal greiða allan kostnað við stjórn og fundarhöld félagsins. Skal hann vera í vörzlu gjaldkera, en ávaxtaður í banka að því leyti, sem unnt er.

## VI. KAFLI

## Skrásetning og fleira.

## 25. gr.

Um skrásetningu félagsins og félagsslit fer eftir lögum um samvinnufélög nr. 46/1937. Sama er um öll önnur atriði, sem ekki eru tekin fram í samþykktum þessum, en ákvæði eru um í greindum lögum I. kafla laga nr. 44/1946, um opinbera